

Jónsmessunefnd

15. apríl 2026

Teams.

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Guðni Geir Einarsson, Hermann Sæmundsson, Ingilín Kristmannsdóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir, Jón Björn Hákonarson og Marta Guðrún Skúladóttir.

1. Samvinnuverkefni

Yfirferð yfir síðustu verkefni úr eldri samkomulögum um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga.

- Fjármögnun þjónustu við aldrað fólk með sérstöku tilliti til fjármögnunar á stofn- og rekstrarkostnaði húsnæðis.
 - Verkefnið er í farvegi en ríkið hefur alfarið tekið yfir uppbyggingu á hjúkrunarheimilum, þ.e. fyrrum 15% hlut sveitarfélaga. Jónsmessunefnd mun því ekki fylgja verkefninu sérstaklega eftir en það verður tekið upp í nefndinni ef þörf krefur.
- Lóðaúthlutun sveitarfélaga til starfsemi á vegum hins opinbera, t.d. hjúkrunarheimila, framhaldsskóla o.fl.
 - Verkefnið er í farvegi sbr. Samning um breytta ábyrgðaskiptingu við uppbyggingu hjúkrunarheimila. Jónsmessunefnd mun því ekki fylgja verkefninu sérstaklega eftir en það verður tekið upp í nefndinni ef þörf krefur.
- Gerð úttektar á sameiginlegu eignarhaldi ríkis og sveitarfélaga á fasteignum sem nýttar eru til opinberrar þjónustu.
 - Þessu verkefni verður áfram fylgt eftir á vettvangi Jónsmessunefndar, verður tekið sérstakt samtal um þetta í nefndinni á næsta fundi nefndarinnar í maí.
- Uppbygging húsnæðis á grundvelli rammasamnings ríkis og sveitarfélaga.
 - Sambandið mun halda samtalinu um þetta verkefni áfram við félags- og húsnæðismálaráðuneytið. Verður tekið upp í Jónsmessunefnd þegar / ef þörf krefur.
- Áhrif þess að öll mannvirki verði metin til fasteignamats og undanþágur frá álagningu fasteignaskatts felldar niður.
 - Þessu verkefni lýkur með framlagningu frumvarps um afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignaskatti. Gert er ráð fyrir að mælt verði fyrir frumvarpinu á Alþingi haustið 2026.
- Að formgera samstarf ríkis og sveitarfélaga um skipulagða heilsueflingu fyrir eldra fólk með það að markmiði að auka lífsgæði og bæta heilsu. Ábati hins opinbera af slíku forvarnarstarfi verði metinn.
 - Þetta verkefni er í farvegi með Gott að eldast verkefninu. Jónsmessunefnd mun því ekki fylgja verkefninu sérstaklega eftir en það verður tekið upp í nefndinni ef þörf krefur.
- Að ná samkomulagi um frambúðarfyrirkomulag tónlistarnáms og verkaskiptingu í því sambandi.

- Þessu verkefni er ekki lokið og þarf að fylgja eftir á vettvangi Jónsmessunefndar.